

# Uppsaliir - Rangárþing eystra

## Deiliskipulagsbreyting




Úrklippa úr gildandi deiliskipulagi m.s.br. mkv. 1:2000



Deiliskipulag eftir breytingu mkv. 1:2000

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings eystra þann: \_\_\_\_\_  
 Tillagan var auglýst með athugasemdafrest frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_  
 \_\_\_\_\_  
 Fh.Rangárþings eystra  
 Deiliskipulagsbreytingin tók gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðnda þann \_\_\_\_\_.



Úrklippa úr aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032

## Greinargerð

**Forsendur:**  
 Í gildi er deiliskipulag, dags. 28.10.2015 fyrir Uppsali 2 m.s.br. þar sem gert var grein fyrir nýri lóð Uppsala 3. Báðar lóðir eru stofnaðar úr upprunalandi Uppsala, L164200 í Rangárþing eystra. Framlögð deiliskipulagsbreyting tekur til heimilda fyrir stofnun þriðju lóðarinnar úr upprunajörð Uppsala ásamt skilgreiningu viðeigandi byggingarheimildum

**Tengsl við aðrar áætlanir**  
 Breytingin er í takt við heimildir aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032 kafla 2.2.1 er varðar byggingarheimildir án tengsla við búrekstur þar sem segir í töflu 1:  
 1 - 3 ha Skikar. Nýtingarhlutfall er 0,1. Byggingarmagn þó aldrei yfir 1.000 m<sup>2</sup>. Heimilt er að byggja allt að 5 hús, s.s. íbúðar-eða frístunda-hús/bílskúr/gestahús, skemmu, gróðurhús eða gripahús. Heimilt er að vera með 3 samliggjandi íbúðarlóðir.

**Deiliskipulagsbreyting**  
 Í breytingunni felst að heimild er veitt fyrir stofnun um 30.000 m<sup>2</sup> lóðar úr upprunalandi Uppsala sem fær staðfangið Uppsaliir 4. Innan lóðarinnar verða samsvarandi byggingarheimildir og fyrir eru þegar skilgreindra lóða innan deiliskipulagssvæðisins. Heimilt er að byggja íbúðarhús/bílskúr, allt að 250 m<sup>2</sup>, gestahús allt að 50 m<sup>2</sup> og skemmu allt að 250 m<sup>2</sup>.

**Veitur**  
 Byggingar verða tengdar dreifikerfi Rarik og vatnsveitu Hvolsvallar. Fráveita verður um rotþró og siturbeð eða sambærilega hreinsun. Þar sem möguleiki er á skal stefnt að sameiginlegum rotþró innan svæðisins með það að markmiði að auðvelda aðgengi og umfang tæminga og hreinsunar á rotþró.

**Aðkoma og umferðarleiðir**  
 Aðkoma er af Suðurlandsvegi (nr.1), um fljótshlíðarveg (261) þaðan um heimreið að Uppsólum (2664). Kvöð verður á Uppsala jörðinni um aðkomu að lóðinni eins og sýnt er á deiliskipulagsuppdraetti eða aðra sambærilega. Gert er ráð fyrir bílastæðum innan lóðar.

**Minjar**  
 Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðisins. Komi í ljós minjar við uppgröft inna svæðisins skal uppgröfur stöðvaður og leita samráðs við minjavörð suðurlands

**Skipulagsgögn**  
 - Úrklippa úr gildandi deiliskipulagi m.s.br.  
 - Skipulagsuppdrauttur í mkv. 1:2000  
 - Úrklippa úr aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032.

**Kortagrunnar**  
 Gervitunglamynd fengin úr Geolocation innan Autocad. Landamerki frá Þjóðskrá Íslands.

Engar aðrar breytingar eru gerðar á gildandi deiliskipulagi svæðisins. Nákvæm lega lóðar og stærð verður skilgreind með ítarlegri hætti á lóðarblaði. Sé misræmi á milli lóðarblaðs og deiliskipulags er varðar legu lóðar gildir lóðarblað.

<b>Uppsaliir</b>	
Deiliskipulagsbreyting	
Stofnað dags. 24. 04. 2022	
Útgáfa dags. 31. 08. 2022	
Mælikvarði: 1:2000 / A2	
Hannað: Vigfús Þór Hróbjartsson	